

Helgabók Hallgrímssonar

Þessa dagana er í smíðum bók tileinkuð Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi sem hefur að geyma 70 stuttar ritgerðir eftir jafnmarga einstaklinga. Greinarnar spanna afar vítt svið og eru sumar fræðilegs eðlis, en aðrar af alþýðlegum toga og allt þar á milli. Tilefnið er 70 ára afmæli Helga þ. 11. júní nk.

Í bókinni verða greinar af ýmsum toga, s.s. bókmenntafræði, fornleifafræði, guðfræði, jarðfræði, líffræði, mannfræði, náttúruvernd, sagnfræði og þjóðfræði. Bókin verður um 400 síður, öll litprentuð og ekkert til sparað til að gera hana sem veglegasta. Hún mun kosta 6.000 krónur. Bókaútgáfan Hólar á Akureyri gefur út. Ritnefnd skipa Bjarni Guðleifsson, Hörður Kristinsson, Sigrún Helgadóttir, Sigurður Ægisson, Steinunn Ásmundsdóttir og Þórir Haraldsson.

Félagsmenn HÍN sem og aðrir sem hafa áhuga eru hvattir til að vera með á heillaóskaskrá bókarinnar (TABULA GRATULATORIA) og gerast þannig um leið áskrifendur að bókinni um fjölfræðinginn síunga. Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við séra Sigurð Ægisson með því að hringja í síma 467 1263 eða 899 0278. Einnig er hægt að senda netskeyti á netfangið sigurdur.aegisson@simnet.is.

Hafið samband við Sigurð sem fyrst og ekki síðar en fyrir lok mánaðarins.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. Félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



2. tölublað

Mars 2005

30. árgangur

Næsta fræðsluerindi HÍN – mánudag 21.mars

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 21. mars**, en ekki 28. mars eins og auglýst var í síðasta félagsbréfi og er beðist velvirðingar á mistökunum.

Fyrirlesari verður dr. **Guðrún Gísladóttir landfræðingur** og dósent við Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands og flytur erindi sem hún nefnir; **Áhrif ferðamanna á vistkerfi í Skaftafelli, Landmannalaugum og á Lónsöræfum.**

Þarnæsta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudag 25. apríl** en þá mun dr. **Jón Ólafsson haffræðingur** á Hafrannsóknarstofnuninni flytja erindi sem hann nefnir; **Breytingartímar: Koltvíoxíð í lofti og hafí.**

Minnt er á að fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar að desember undanskildum á tímabilinu september-maí, nema annað sé tekið fram í auglýsingum.

Einnig er minnt á nýjan fundartíma og fundarstað, **þ.e. kl. 17:15 í Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans í Vatnsmýrinni.**

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í dagbók RÚV.

Frá aðalfundi HÍN

Aðalfundur HÍN var haldinn laugardaginn 26. febrúar 2005 í Safnahúsinu, húsakynnum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Stjórn HÍN var endurkjörin óbreytt en hana skipa Kristín Svavarsdóttir formaður, Helgi Torfason varaformaður, Hilmar J. Malmquist ritari, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Droplaug Ólafsdóttir, Esther Ruth Guðmundsdóttir og Helgi Guðmundsson meðstjórnendur.

Freysteinn Sigurðsson, fyrrverandi formaður HÍN til 12 ára, var kjörinn heiðursfélagi félagsins. Sitjandi formaður flutti Freysteini tölu og afhenti honum heiðursfélagaskírteini.

Samþykktar voru þrjár ályktanir á aðalfundinum:

1. Um náttúruhús

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 26. febrúar 2005 í Kópavogi, ítrekar fyrri ályktanir aðalfunda HÍN frá 28. febrúar 2004, 1. mars 2003, 2. mars 2002, 24. febrúar 2001, 26. febrúar 2000, 27. febrúar 1999, 17. febrúar 1996, 11. febrúar 1995 og 29. febrúar 1992 um málefni Náttúruhúss (náttúruminjasafns) á landsvísu á höfuðborgarsvæðinu. HÍN harmar hve treglega hefur gengið að koma þessu brýna máli heilu í höfn og hvetur hlutaðeigandi aðila til að gera gangskör að því að efna hið fyrsta á myndarlegan hátt til sýningar- og kennslusafns á höfuðborgarsvæðinu, sem styðjist við vísindasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Jafnframt verði efti sýningar- og kennslusafn um náttúrufræði á Akureyri á sama grunni.“

2. Um vöktun Þingvallavatns

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 26. febrúar 2005 í Kópavogi, ítrekar fyrri ályktanir aðalfunda HÍN frá 28. febrúar 2004, 1. mars 2003, 2. mars 2002, 24. febrúar 2001, 26. febrúar 2000, 27. febrúar 1999, 28. febrúar 1998, 1. mars 1997 og 17. febrúar 1996 um nauðsyn vöktunar á lífríki Þingvallavatns og verndunar á vatnasviði Þingvallavatns með sérstakri áherslu á eftirfarandi atriði:

- Komið verði sem fyrst á skipulegri langtíma vöktun á lífríki Þingvallavatns er taki til helstu efna- og eðlisþátta, gróðurs, smádyra og fiska.

- Allt vatnasvið Þingvallavatns verði verndað á viðeigandi hátt, t.d. með stækkun Þjóðgarðsins og skráningu á heimsminja-skrá Sameinuðu þjóðanna. Sérstaklega ber að líta til einstaks lífríkis Þingvallavatns, söguhelgi Þingvalla og stórmerkilegrar jarðfræði og einstaklega fallegs landslags á vatnasviðinu í heild.
- Unnið verði viðeigandi kynningarefni um náttúruvar svæðisins og það gert aðgengilegt gestum á svæðinu og almenningi öllum.”

3. Um stækkun Vatnajökulspjóðgarðs

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 26. febrúar 2005 í Kópavogi, fagnar ákvörðun ríkisstjórnar Íslands frá 25. janúar síðastliðnum þess efnis að fela umhverfisráðherra að vinna að undirbúningi að stækkun Vatnajökulspjóðgarðs er taki til landsvæðis norðan Vatnajökuls á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum.

Á skömmum tíma hefur ríkisstjórnin tekið stefnumarkandi ákvarðanir um nýtingu á náttúru hálandisins í anda sjálfbærrar þróunar með langtímahagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Hér er vísað til ákvarðana um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs, stækkun Þjóðgarðsins í Skaftafelli og nú síðast, stækkun Vatnajökulspjóðgarðs til norðurs. Þetta er mikið fagnaðarefni og sannarlega mikill sigur fyrir náttúruvernd í landinu. Einkum ber að fagna hve heildstætt er tekið á málinu og að landnýtingaráform nái til heilla vatnasviða og þvert yfir landið frá norðri til suðurs.

Til að leiða þjóðgarðsmálin farsælega til lykta er brýnt að vinna áfram að þeim í góðri samvinnu við heimamenn og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. frjáls félagasamtök um umhverfis- og náttúruvernd. Þá telur HÍN að huga þurfi sérstaklega að eftirfarandi atriðum: 1) að mörk Vatnajökulspjóðgarðs verði föst og fylgi ekki hopi jökulsins, 2) að Langisjór og allt vatnasvið Skaftár verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði, 3) að friðunarákvæði Vatnajökulspjóðgarðs samræmist reglum Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (IUCN); 4) að hvers kyns mannvirki vegna bættis aðgengis, reksturs og stjórnunar verði í lágmarki og staðsett í jaðri Þjóðgarðs eða utan hans, og 5) að faglegur metnaður verði hafður í öndvegi við stjórnun Þjóðgarðsins.“